

530. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 13. september 2018 og hófst hann kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) aðalmaður, Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ) aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) aðalmaður og Lilja Magnúsdóttir (LM) aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki og oddviti lýsir fundinn lögmætan.

Dagskrá:

1. Fundargerðir: Stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 2018 - 1801055

Lagt fram til kynningar.

2. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerðir: 2018 - 1802017

Lagt fram til kynningar.

3. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 35 - 1807006F

Fundargerðin er lögð fyrir til staðfestingar, en töluliðir 1., 3. og 8. eru teknir út til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Undir liðnum önnur mál ræddi byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd;

1. Lagfæringar á fráveitumálum við smábátahöfn. Sveitarstjórn tekur undir áherslu nefndarinnar um mikilvægi þess að fara í úrbætur á fráveitu við smábátahöfn.

Sveitarstjórn vísar erindinu til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

2. Óformlegt erindi frá Kvígindisfelli ehf. er varðar móttöku á timbri til landmótunar þar sem eigendur Kvígindisfells bjóða sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps til viðræðna um málið. LM lýsti sig vanhæfa við umfjöllun um málið. Sveitarstjórn vísar erindinu til vinnu við endurskoðun á fyrirkomulagi sorpmála í sveitarfélaginu.

3. Jafnframt leggur nefndin til við sveitarstjórn að neðra planið upp í Hrafnadal verði nýtt sem skipulagt geymslsvæði fyrir gáma. Sveitarstjórn vísar erindinu til vinnu við endurskoðun á fyrirkomulagi sorpmála í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

3.1 1604059 - Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar m.t.t. athugasemda Skipulagsstofnunar.

Greinargerð:

1. Í kafla 1.4 var bætt við umfjöllun um Tunguland 2.

2. Nýtingarhlutfall er á uppdrætti, á bakvið lag. Búið að laga.

3. Umfjöllun um veitur eru í kafla 3.10 og þar kemur fram að lagnaleiðir eru í götum og gangstéttum. Nýjar lagnir sem þarf að færa verða því í götum og gangstéttum. Þar sem hönnun eða útfærsla liggur ekki fyrir þá eru nýjar leiðir ekki sýndar á uppdrætti.

4. Ekki er sett fram sérstök vöktunaráætlun fyrir vatnsból í Tunguhlíðum.

Texta um það var bætt við í kafla 6.8. Vatnsból verður lagt niður þegar farið verður í framkvæmdir.

5. Sett var inn ný mynd sem sýnir snið að tillögu að varnargörðum. Á yfirlitsmynd sést hvar sniðin eru tekin.
6. Lóðirnar Strandgata 28 er nú skilgreind sem lóð fyrir atvinnuhúsnæði. Er í dag auð lóð á skilgreindu iðnaðarsvæði.
7. Lóðin Strandgata 24 er á skilgreindu svæði fyrir þjónustustofnanir og þar er leyfilegt að vera með þjónustuíbúðir.
8. Í kafla 4.1 um lóðir er búið að laga texta þar sem ekki er lengur talað um samanlagðan grunnflöt heldur hámarksbyggingarmagn.
9. Kafli um mótvægisáðgerðir og vöktun endurbættur.
10. Búið að laga ósamræmi á milli kafla 3.2 og 2.4.

Ekki voru gerðar aðrar breytingar á greinargerð.

Uppdráttur:

1. Skýringar lagaðar. Búið að bæta við skýringum þar sem á vantaði.
2. Aðalskipulagslitir teknir út.
3. Loftmynd fjarlægð.
4. Norðurpílu bætt við á uppdrátt.
5. Tunguá var á uppdrætti, búið að skerpa á línunum með sterkari lit.
6. Búið að laga litaval á núverandi húsum og er núna í samræmi við skýringar.
7. Raflínu bætt við á uppdrátt og í skýringar.
8. Vatnsvernd bætt við á uppdrátt.
9. Fornleifar og helgunarsvæði bætt við á uppdrátt og í skýringar.
10. Bílastæðum við Strandgötu 28 fjölgað úr 2 í 6.
11. Nýtingarhlutfall sýnt á uppdrætti.
12. Ekki er lengur sýndur byggingareitur í kringum Strandgötu 10. Um er að ræða núverandi hús sem verður keypt upp. Ekki er vitað hvað verður um húsið. Ákvörðun liggur ekki fyrir og þess vegna er ekki greint frá því sérstaklega í greinargerð eða á uppdrætti.
13. Ekki er nein umfjöllun um hús neðan Strandgötu, nema í kaflanum um hættumat. Þessi hús eru utan skipulagssvæðis og ákveðið var að láta þau ekki fylgja með í þessu deiliskipulagi.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir áorðnar breytingar og beinir því til sveitarstjórnar að deiliskipulagið verði sent til Skipulagsstofnar til afgreiðslu en deiliskipulagið hefur þegar verið sent þangað til afgreiðslu skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en einungis beðið eftir afgreiðslu sveitarstjórnar á fyrrgreindum lagfæringum.

Tillaga 35. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar frá 11. september sl. um að deiliskipulagið verði sent til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu en deiliskipulagið hefur þegar verið sent þangað til afgreiðslu skv. 42 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 en einungis beðið eftir afgreiðslu sveitarstjórnar á fyrrgreindum liðum. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið með á orðnum breytingum, dagsett í mars 2018, leiðrétt eftir fund Skipulagsstofnunar 10. maí 2018. Málsmeðferð verði skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- 3.2 1803006 - Umsögn: Fw: Óskað er eftir umsögn og undanþágu vegna fjarlægðar frá sjó vegna deiliskipulags
Lagt fram til kynningar.
- 3.3 1712032 - Deiliskipulag. Lóð undir fiskeldi og seiðisstöð.

Gerðar hafa verið lagfæringar á skipulagsgögnum m.t.t. umsagna. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða deiliskipulagið skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga 35. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar frá 11. september sl. um að samþykkja auglýsta deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði fisk- og seiðiseldis í landi Innstu Tungu unnið af Teiknistofunni GINGI dags. 9. maí 2018. Engin athugasemd basrt varst við auglýsta tillögu en umsagnir liggja fyrir frá Minjastofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Vegagerðinni. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið með áorðnum breytingum dagsett, 9. maí 2018, breytt 17. júlí 2018. Málsmeðferð verði skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- 3.4 1706039 - Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi.
Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi birtist ekki í Lögbirtingablaðinu og því þarf að endurauglýsa. Lagt er til að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst samhliða deiliskipulagi.
Erindinu frestað.
- 3.5 1702061 - Gileyri/Eysteinseyri - Breyting á deiliskipulagi
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd getur ekki samþykkt að farið verði í breytingu á deiliskipulaginu þar sem bygging Bæjarvíkur nær út fyrir landamerki og inn á land Gileyrar. Jafnframt skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands vegna nálægðar við fornminjar.
- 3.6 1808038 - Umsókn: um stöðuleyfi
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir tvo gáma til samræmis um umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun stöðuleyfis utan skipulags geymslusvæðis er kr. 50.000,- pr. gám.
- 3.7 1808041 - Umsókn: um stöðuleyfi fyrir gám
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis um umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun stöðuleyfis utan skipulags geymslusvæðis er kr. 50.000,- pr. gám.
- 3.8 1808042 - Hreinsun:Varðandi Umhverfissvottun - Alheimshreinsunardagur
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að sent verði út dreifibréf til íbúa. Einnig er lagt til að gámavöllur verði opinn á laugardaginn.
Nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að opnunartíma gámavallar verði breytt og opið verði a.m.k. annan hvern laugardag. Þá bendir nefndin á að setja þurfi upp skilti þar sem losun er óhemil upp í Hrafnadal.
Vegna óviðráðanlegra aðstæðna m.a. hversu stutt er til 15.september getur sveitarstjórn ekki orðið við tilmælum nefndarinnar. Sveitarstjórn þakkar ábendingu um skilti í Hrafnadal og vísar því til vinnu við endurskoðun á fyrirkomulagi sorpmála í sveitarfélaginu.
- 3.9 1809001 - Borun: Borhola á Kvígindisfelli
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.
- 3.10 1809010 - Bygginarleyfi fyrir aðstöðuhúsi á tjaldsvæði Tálknafjarðar

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.

- 3.11 1808040 - Erindi: Möguleg aðstoð við endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps

Nefndin þakkar sýndan áhuga.
Lagt fram til kynningar.

- 3.12 1808024 - Umsögn: Beiðni um umsögn frá mast

Með vísan í 7. gr. laga 71/2008 sér Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd ekkert til fyrirstöðu að veitt verði heimild til framleiðsluaukningar á seiðaeldi í Norður-Botni.

- 3.13 1702003 - Óleyfisframkvæmd - steptur sökkull.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa að fylgja málinu eftir og jafnframt að leggja á dagsektir sbr. bréf byggingarfulltrúa frá 31. janúar 2018.

4. 3. haustþing FV: 5. og 6. október - 1806013

Fulltrúar Tálknafjarðarhrepps verða Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir og Berglind Eir Egilsdóttir og skiptist atkvæðamagn jafnt á milli fulltrúa.

Jafnframt mun Bryndís Sigurðardóttir nýráðin sveitarstjóri sitja þingið. Samþykkt samhljóða.

5. Reglugerð: um starfsemi slökkviliða - 1808021

Sveitarstjórn leggur til að slökkviliðsstjóri verði boðaður til fundar þegar nýr sveitarstjóri tekur til starfa og farið verði yfir málefni slökkviliðsins. Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.

6. Perónuvernd: Skjalavarsla og skjalastjórn - 1808019

Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.

7. Kattahald: umsókn - 1808018

Umsóknin er samþykkt og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt. Samþykkt samhljóða.

8. Álagning :umhverfisgjalds á sumarhús/lögbýli - 1808012

Oddvita er falið svara erindinu í anda umræðna á fundinum. Þá vill sveitarstjórn vekja athygli á því að fyrirkomulag sormála verður tekið til gagn Gerrar endurskoðunar í vinnu við fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða.

9. Beiðni: vegna fasteignagjald - 1806028

Oddvita falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum. Samþykkt samhljóða.

10. Akstur: frá Tálknafirði til Patreksfjarðar á morgnana - 1808043

*Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samninginn um tvo mánuði á meðan endurskoðun stendur yfir. Kostnaðarhlutur Tálknafjarðarhrepps verður að hámarki kr. 100.000.-
Samþykkt samhljóða.*

11. Ísland ljóstengt 2018: Umsóknarferli ljósleiðari - 1710020

*Oddvita falið að upplýsa Fjarskiptasjóð um stöðu mála í sveitarfélaginu.
Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.
Samþykkt samhljóða.*

12. Fulltrúar: Skipan fulltrúa frá aðliggjandi sveitarfélögum - 1807025

*Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur skipa sameiginlega fulltrúa, Lilja Magnúsdóttir verður fulltrúi sveitarfélaganna í svæðisráði um strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum.
Samþykkt samhljóða.*

13. Erindi: Áminning um umfjöllun og samþykki Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða. - 1809004

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps hafnar algjörlega tillögu nr. 3 á Suðursvæði Vestfjarða í áætluninni um að gera Pollinn að áfangastað ferðafólks. Alla tíð hefur það verið stefna sveitarfélagsins að halda Pollinum utan við auglýsingar og kynningarefni þar sem íbúar líta á Pollinn sem sína heilsulind og hafa lagt fram mikla sjálfboðavinnu við viðhald og endurbætur þar í gegnum tíðina. Ekkert samtal hefur átt sér stað við íbúa Tálknafjarðar, landeigendur eða sveitarstjórn um að breyta þeirri stefnu og því er þessari tillögu hafnað. Sveitarstjórn leggur það til við Markaðsstofu Vestfjarða að sundlaug Tálknafjarðar og tjaldsvæðið komi í staðinn sem áfangastaður í Tálknafirði. Jafnframt telur sveitarstjórn Tálknafjarðar æskilegt að Markaðsstofa hafi víðtækara samráð um svona tillögugerð þar sem verið er að skuldbinda sveitarfélög og landeigendur til að bera ábyrgð á verkefnum og leggja fram fé án þess að nokkuð samtal hafi átt sér stað á formlegum nótum.
Samþykkt samhljóða.*

14. Umsókn: um nýtingarleyfi til rekstur Hitaveitu á Tálknafirði - 1804025

Um er að ræða nýtingaleyfi á jarðhita í landi Litla-Laugardal til handa Tálknafjarðarhreppi. Tálknafjarðarhreppur greiðir fyrir nýtingaleyfi sem Orkustofnun gefur út. Oddvita falið að ganga frá málinu. Samþykkt samhljóða.

15. Fundur:Hafnasambandsþing 2018 - 1809007

*Sveitarfélagið á tvo fulltrúa á þinginu, Bryndís Sigurðardóttir verðandi hafnarstjóri og Lilja Magnúsdóttir hafnarvörður verða fulltrúar sveitarfélagsins á fundinum.
Samþykkt samhljóða.*

16. Ársfundur: Fundarboð á ársfund Náttúrustofu Vestfjarða - 1809014

*Lilja Magnúsdóttir verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.
Samþykkt samhljóða.*

17. Verksamningur um sorphirðu í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi - 1809015

Sveitarfélagið mun taka fyrirkomulag sorphirðu og -eyðingar til gagngerrar endurskoðunar á næstu mánuðum m.a. við gerð fjárhagsáætlunar. Oddvita falið að óska formlega eftir því við Vesturbyggð að sveitarfélögin vinni saman að málinu.

18. Drög að sex mánaða uppgjöri Tálknafjarðarhrepps - 1809016

Fyrir fundinum lágu drög að sex mánaða uppgjöri. Fara þarf í endurskoðun á fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 samhliða fjárhagsáætlunargerð fyrir árin 2019-2023. Sveitarstjórn telur ljóst að gæta þurfi ítrasta aðhalds í öllum útgjaldaliðum sveitarfélagsins og leita allra leiða til að auka tekjur þess.

19. Upplýsingargjöf: Oddvita - 1806024

1. Undirbúningsnefnd, úrræði fyrir aldraða, beiðni um fjárheimild kr.150.000.- LM ítrekar bókun sína frá 529.fundi sveitarstjórnar þar sem hún er algerlega á móti því að lagt sé fjármagn til þessa verkefnis ÍÓÞ tekur undir með LM. Samþykkt af BG, BSHAR og GÓ. LM og ÍÓÞ greiða atkvæði gegn tillögunni.
2. Oddviti leggur til að gengið til samninga við Vesturbyggð um að annast launavinnslu fyrir Tálknafjarðarhrepp. Samþykkt samhljóða.
3. Sveitarstjórn samþykkir að þeir sem sitja í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins undirriti almennar og sérstakar þagnar- og trúnaðarskyldur, sem munu eiga við um sveitarstjórn, nefndarfólk og áheyrnarfulltrúa. Samþykkt samhljóða.
4. Samþykkt að fá Gámaþjónustuna til að koma og hreinsa rotþrær og holræsi fyrir veturinn. Samþykkt samhljóða.
5. Það þarf að ganga í það fyrir veturinn að fylla í holur á götum sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.
6. Fara yfir hámarkshraða innan bæjarmarka í sveitarfélaginu í samstarfi við lögregluna. Málinu vísað til Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar.
7. Sveitarstjórn beinir því til fræðslu-, menningar og íþrótt- og æskulýðsnefnd að skoða samninga um sérfræðiþjónustu ásamt aðstoð við mótun skólafestefnu við Tálknafjarðarskóla í samráði við hagsmunaaðila skólans. Samþykkt samhljóða.
8. Á 529.fundi sveitarstjórnar þann 16.ágúst 2018 var tekið fyrir skilabréf Guðnýju Sverrisdóttur. Þann 19.ágúst 2018 lauk tímabundinni ráðningu hennar sem sveitarstjóra þar með féll prókúra hennar f.h.Tálknafjarðarhrepps úr gildi. Samþykkt samhljóða.
9. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps hefur tekið ákvörðun um að ráða Bryndísi Sigurðardóttir sem sveitarstjóra. Reiknað er með að hún komi til starfa í október.
10. Sveitarstjórn samþykkir að gera samning við Ráðrík ehf., vegna tímabundinna verkefna fyrir sveitarfélagið þar til sveitarstjóri tekur til starfa.
11. Upptökubúnaður fyrir sveitarstjórn er í skoðun til þess að geta hafið beina útsendingu frá fundum sveitarstjórnar.

20. Framlag: vegna nýbúafræðslu 2019 - 1809013

Lagt fram til kynningar.

21. Heimsókn: atvinnuveganefndar Alþingis - 1809005

Atvinnuveganefnd Alþingis kemur í heimsókn fimmtudaginn 20.september.

Lagt fram til kynningar.

22. Ársfundur: boð á ársfund - 1806032

Ársfundur Vestfjarðastofu var haldinn 29.júní s.l. á Bíldudal. BG og LM sóttu fundinn f.h. sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

Næsti fundur sveitarstjórnar er samkvæmt dagskrá 11.október. Fundurinn ber upp á sama dag og Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna er haldin. Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn 9.október 2018. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:40.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir
(IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)